



Skólaráðsfundur 24. september 2020

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Ingvar Jónsson fulltrúar kennara, Kristín Hjartardóttir fulltrúi foreldra, Sigmundur Herbertsson fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Jenný Lárusdóttir framkvæmdarstjóri UMFN sem fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Valur Axel Valsson og Nadía Líf Pálsdóttir fulltrúar nemenda og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari). Geirný Geirsdóttir boðaði forföll.

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, fór yfir hlutverk skólaráðs og kynnti fulltrúa skólaráðsins fyrir hvað í skólasamfélaginu þau eru fulltrúar fyrir.
2. Ásgerður kynnti hver verkefni skólaráðs eru og fundarskipulag.
3. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, fór yfir Starfsáætlun skóla sem er unnin til eins árs í senn. Fundarmenn höfðu fengið Starfsáætlun í tölvupósti. Farið yfir athugasemdir og mun Guðný laga það sem þarf. Eftir yfirferð var Starfsáætlun borin upp til samþykktar og var hún samþykkt af öllum fundarmönnum með undirskrift. Starfsáætlun er svo send til fræðsluráðs Reykjanesbæjar til samþykktar.
4. Ásgerður fór yfir skólabyrjun sem hefur farið vel af stað í óvenjulegu Covid ástandi. Margar tilfæringar hafa verið gerðar til að halda úti eins eðlilegu skólastarfi fyrir nemendur eins og hægt er og með ráðleggingum Almannaþingarinnar.
5. Ásgerður fór yfir áherslur skólaársins
 - a. Heilsuefandi skóli – Hildur Björnsdóttir stýrir verkefninu en fulltrúar skólaráðs munu taka þátt í verkefninu. Verður kynnt nánar á næsta fundi.
 - b. Forritun – skólinn fékk styrk til að vinna með forritun í kennslu og mun kennari frá Skemu koma í kennslustundir hjá nemendum og kenna þeim á þau tæki sem skólinn á.
 - c. Ánægja að lestri – verkefni unnið í samstarfi við Þorgrím Þráinsson. Skólinn hefur verið að koma lágt út í Skólapúlsinum varðandi ánægju nemenda af lestri og er þetta verkefni unnið til að vinna með þær niðurstöður. Þorgrímur hefur hitt alla nemendur og er nú að senda hvatningarmyndbönd varðandi verkefnið til nemenda um að vera dugleg að lesa. Foreldrafélag skólans styrkti skólann fjárhagslega til að kaupa bækur eftir Þorgrím fyrir bókasafn skólans. Miklar væntingar bundnar við þetta verkefni.
 - d. Haldið áfram að vinna eftir umbótaáætlun sem gerð var eftir niðurstöðum Ytra mats Menntamálastofnunar.
6. Önnur mál:
 - a. Jenný spurði um fræðslu til kennara varðandi vaxandi heimilisofbeldis – kennarar hafa verið að fara á námskeiðið Verndum þau. Rætt um að vegna atvinnuástands á svæðinu eru margir nemendur sem eiga erfðari daga en í venjulegu árferði.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri